

Alþingi
Erindi nr. P 131/1625
komudagur 26.4.2005



Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar nefndarritara.
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2005.

Háttvirta samgöngunefnd.

Sérfræðingar félagsins hafa farið yfir samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Þarna virðist metnaðarfull áætlun og ljóst er að vel er unnið að henni. Þó langar félagið að gera smá athugasemdir:

1. Varðandi framkvæmdir í grunneti kafli 4.2.1. bls. 112. Þar er fjallað um Nesbraut (frá Seltjarnarnesi og austur Miklubraut að Vesturlandsvegi). Gert er ráð fyrir að leggja í kostnað í breytingar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar til að fjölga akreinum. Í ljósi þess að langflest óhöppin á þessum gatnamótum tengjast ljósum, þ.e. aftanákeyrslur við ljós, óttumst við að þessar aðgerðir dugi skammt. Við fögnum þó þeirri stefnu að þarna verði í framtíðinni gerð mislæg gatnamót. Félagið telur þó að þeim fjármunum sem nú er eytt í þessi gatnamót hefði verið betur varið með öðrum hætti.
2. Félagið fagnar því að stefnt er að því að samtengja umferðarljós í höfuðborginni og vonar að sú aðgerð skili sér í færri aftanákeyrslum, þar sem græna bylgjan ætti að skila sér í færri stoppum við ljós. Samkvæmt skýrslum sem berast til félagsins þá valda aftanákeyrslur allt að helmingi þeirra slysa sem verða í Reykjavík. Þær verða mjög oft við ljósastrýrð gatnamót.
3. Í kaflanum Öruggeri ökumenn nr. 5,2,3. sem fjallar um umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja er útlistað umferðaröryggisstarf með stórum fyrirtækjum. Sjóvá hefur í mörg ár unnið að slíku starfi með mjög góðum árangri. Hjá félaginu er mikil þekking og reynsla á sviði umferðaröryggis hjá fyrirtækjum. Félagið lýsir yfir vilja til samstarfs á þessu sviði. Má geta þess að á þessu ári er unnið að forvarnastarfi meðal 54 fyrirtækja.

Að lokum vonar félagið að Alþingi vinni áfram að því að auka öryggi í umferð um leið og það upplýsir að Sjóvá mun áfram vinna að öflugu forvarnastarfi í umferðinni sem fyrr.

Með vinsemd og virðingu

Einar Guðmundsson
Forvarnafulltrúi
Sjóvá

Það liggur í augum uppi!



Námskeið sem borgar sig